



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

miðvikudagur, 3. október 2012

Ákvörðun nr. 21/2012

## **Samruni Olíuverzlunar Íslands hf., Samherja hf. og FISK-Seafood ehf.**

### **I.**

#### **Málavextir og málsmeðferð**

Samherji hf. (hér eftir Samherji) og FISK-Seafood ehf. (hér eftir FISK) tilkynntu Samkeppniseftirlitinu um samruna félaganna við Olíuverzlun Íslands hf. (hér eftir Olís) með svokallaðri styttri samrunatilkynningu, dags. 10. janúar 2012. Samkvæmt því felur samruninn í sér þátttöku Samherja og FISK í fjárhagslegri endurskipulagningu Olís, sem leiðir til þess að félögin kaupa 37,5% hlut hvort í Olís. Telja aðilar að með kaupunum stofnist til sameiginlegra yfirráða og þar með til samruna í skilningi c-liðar 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.

Að mati Samkeppniseftirlitsins var nauðsynlegt að óska eftir lengri tilkynningu og var það gert með bréfi, dags. 30. janúar 2012. Þann 30. mars 2012 barst eftirlitinu slík tilkynning sem uppfyllti skilyrði reglna nr. 684/2008 um tilkynningu samruna og viðauka við þær. Hófust frestir eftirlitsins til þess að rannsaka samrunann skv. 17. gr. d. samkeppnislaga þann 2. apríl sl. Samkvæmt því ákvæði skal Samkeppniseftirlitið einnig tilkynna aðilum innan 25 virkra daga frá því að stofnuninni berst samrunatilkynning sé ástæða talin til frekari rannsóknar samrunans og var það gert með bréfi, dags. 10. maí sl.

Samkeppniseftirlitið tilkynnti samrunaaðilum það frummat eftirlitsins að samruninn leiddi að óbreyttu til röskunar á samkeppni og því kæmi til athugunar að grípa til íhlutunar vegna samrunans. Óskaði eftirlitið sjónarmiða samrunaaðila, sem lýstu sig reiðubúna til viðræðna um skilyrði sem mættu verða til að eyða hugsanlegum samkeppnishindrunum sem leiddu af samrunanum.

Vegna rannsóknar málsins hefur Samkeppniseftirlitið aflað nokkurra gagna auk sjónarmiða aðila sem gætu haft hagsmuni af úrlausn málsins eða veitt eftirlitinu upplýsingar. Þá hefur Samkeppniseftirlitið stuðst við gögn sem aflað var vegna samruna Framtakssjóðs Íslands slhf. og N1 hf., sem lauk með ákvörðun eftirlitsins nr. 12/2012, *Kaup Framtakssjóðs Íslands slhf. á hlutum í N1 hf.* Að því marki sem Samkeppniseftirlitið telur upplýsingar og viðhorf aðila skipta máli fyrir athugun máls þessa er þeirra getið í ákvörðuninni.



Viðræður Samkeppniseftirlitsins við samrunaaðila hafa leitt til þess að þeir hafa gengist undir sátt í málinu á grundvelli 17. gr. f. samkeppnislaga og 22. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Sáttin felur í sér að samruna þessum eru sett skilyrði sem rakin eru í niðurstöðukafla ákvörðunar þessara.

## II.

### Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að einn eða fleiri aðilar, sem þegar hafa yferráð yfir a.m.k. einu fyrirtæki, nái beinum eða óbeinum yferráðum, í heild eða að hluta, yfir einu eða fleiri fyrirtækjum til viðbótar með því að kaupa verðbréf eða eignir, með samningi eða með öðrum hætti, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna.

Samkvæmt samkomulagi Samherja, FISK og Olís leggja fyrrnefndu félögin tvö Olís til nýtt hlutafé. Leiðir samruninn til þess að eignarhlutir í Olís skiptast svo að Samherji og FISK eiga hvort um sig 37,5% hlut í félaginu en Gísli Baldur Garðarsson og Einar Benediktsson ráða yfir 12,5% hluta hvor um sig. Fyrir samrunann var Olís í 98% eigu GESE ehf. sem er eignarhaldsfélag um hlutafé í Olís. Eigendur félagsins eru Einar Benediktsson og Gísli Baldur Garðarsson, í jöfnum hlutföllum. Þá áttu þeir að auki 2% af hlutafé Olís að jöfnu.

Í samrunaskrá segir að sameiginlegt markmið samrunaaðila hafi verið að tryggja að fjárhagsleg endurskipulagning Olís gæti átt sér stað og að tryggt væri að félagið væri starfshæft til framtíðar. Tilgangur FISK og Samherja með kaupum á hlutafé í Olís var samkvæmt því fyrst og fremst sá að fjárfesta í hlutabréfum í atvinnurekstri sem aðilar teldu að myndi skila þeim arði til framtíðar.

Um samrunaaðila segir að tilgangur Olís sé verslun, aðallega með olíu og olíuafurðir, en jafnframt bæði smásala og heildsala með hverskyns aðrar vörur, rekstur fasteigna, skipa og annar atvinnurekstur eða þátttaka í atvinnurekstri samkvæmt ákvörðun félagsstjórnar. Meginrekstur félagsins fari fram í gegnum þjónustustöðvar víðs vegar um landið og söluskrifstofu og vöruhúsi í Reykjavík, auk þeirrar starfsemi sem fram fari í dótturfélögum.

Samherji sé í eigu 11 hluthafa og skráður tilgangur félagsins sé útgerð, fiskeldi, kaup og sala sjávarafurða og skyld starfsemi, fjármálastarfsemi og rekstur fasteigna. Félagið eigi og reki útgerð, vinnslu og sölu afurða, bæði í eigin nafni og í gegnum önnur félög í samstæðunni. Nánar var fjallað um starfsemi Samherja í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 25/2011, *Kaup dótturfélags Samherja hf. á aflaheimildum, landvinnslu og tveimur skipum af Brimi hf.* og vísast til þeirrar ákvörðunar um nánari umfjöllun um starfsemi félagsins.

Að lokum segir að FISK sé að fullu í eigu Kaupfélags Skagfirðinga (hér eftir KS), en félagsmenn KS eru um 1.500 talsins og eru þeir að mestu leyti bændur í Skagafirði.



Rekur KS m.a. verslanir á Norðurlandi auk þess að KS rekur t.d. vélaverkstæði, bifreiðaverkstæði og rafmagnsverkstæði. Samkvæmt samrunaskrá er skráður tilgangur FISK að gera út fiskiskip, annast verkun, vinnslu og sölu sjávarafurða, eða annarra afurða, svo og annar skyldur rekstur. Rekur félagið útgerð, vinnslu og sölu afurða, bæði í eigin nafni og í gegnum önnur félög í samstæðunni.

Kaup FISK og Samherja á hlutfé í Olís leiða til þess að aðilar geta talist hafa sameiginleg yfirráð yfir Olís með þeim hætti að um samruna sé að ræða í skilningi 17. gr. samkeppnislaga. Þá er ljóst að veltuskilyrði 17. gr. a. samkeppnislaga eru uppfyllt og því kemur samruni þessi til skoðunar samkvæmt samrunaákvæðum laganna.

### **1. Markaðir málsins og staða viðkomandi fyrirtækja á þeim**

Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að skoða verður viðkomandi markað út frá að minnsta kosti tveimur sjónarhornum. Annars vegar vöru- og þjónustumarkaðnum og hins vegar landfræðilega markaðnum. Hafa ber þó í huga að markaðsskilgreiningar í samkeppnisrétti geta ekki verið nákvæmar og eru aðeins notaðar til viðmiðunar, sbr. t.d. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 8/2008 *Fiskmarkaður Íslands hf. gegn Samkeppniseftirlitinu*. Vegna eðli málsins verður einungis fjallað um markaði málsins og stöðu aðila á þeim með afmörkuðum hætti.

Fram kemur í samrunaskrá að samrunaaðilar telja markaði málsins afmarkast af þeim mörkuðum sem Olís, Samherji og FISK starfi einkum á. Segir þar að meginstarfsemi Olís felist í því að selja eldsneyti en félagið er eitt af fjórum olúfélögum á Íslandi. Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2008, *Öflug uppbygging – opnun markaða og efling atvinnustarfsemi*, hefur olíumarkaðurinn almennt verið skilgreindur sem heildarmarkaður fyrir sölu á olíuvörum. Ljóst er að innan þessarar skilgreiningar eru margar vörur sem ekki eiga sér staðgengdarvöru og eru því fyrir hendi margir undirmarkaðir á olíumarkaði. Markaðnum má skipta í tvo meginþætti, þ.e. annars vegar smásölu á olíuvörum og hins vegar innflutning, dreifingu og birgðahald á olíuvörum. Sú skilgreining er þó einungis til hægðarauka til að skýra frá aðgangshindrunum. Á markaði fyrir smásölu á eldsneyti starfa fjögur fyrirtæki, þ.e. N1 hf., Olíuverzlun Íslands hf., Skeljungur hf. og Atlantsolía ehf.<sup>1</sup> Varðandi innflutning, dreifingu og birgðahald á olíuvörum, má telja að þar séu þrjú fyrirtæki starfandi. Þau eru Olíudreifing ehf., Skeljungur hf. og Atlantsolía hf. Síðastnefnda félagið hefur að undanförmu keypt inn olíuvörur fyrir atbeina Skeljungs hf. Olíudreifing ehf. er í eigu N1 hf. (60%) annars vegar og Olíuverzlunar Íslands hf. (40%) hins vegar. Frekari umfjöllun um olíumarkaðinn og aðgangshindranir inn á markaðinn má m.a. finna í fyrrnefndri skýrslu Samkeppniseftirlitsins, auk skýrslu eftirlitsins nr. 2/2011, *Samkeppnin eftir hrun*.

Í samrunaskrá er einnig fjallað um starfsemi Samherja og FISK, en hún snýr aðallega að sölu sjávarafurða. Bæði félögin teljast vera lóðrétt samþætt og sjá því sjálf eða félög sem eru að hluta í þeirra eigu um vinnslu, öflun og dreifingu á helstu sjávarafurðum

<sup>1</sup> Olíuverzlun Íslands rekur vörumerkið ÓB innan fyrirtækisins. Skeljungur á vörumerkin Bensínorkan ehf. (Orkan) og Stöðin. Í eftirfarandi umfjöllun er átt við þessi fyrirtæki og dótturfyrirtæki þeirra þegar talað er um móðurfyrirtækið.



félaganna. Tekur starfsemi félaganna til landsins alls, en félögin afla hráefnis til fiskvinnslu að miklu leyti á Íslandi. Stærsti hluti sölumarkaða félaganna er hins vegar erlendis og er sala frá frystihúsum félaganna nær öll til Evrópu. Samherji hefur verið talinn í hópi stærstu útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækja á Íslandi, en Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að fjalla frekar um markað fyrir sjávarútveg í máli þessu. Eftirlitið bendir á að í ákvörðun eftirlitsins nr. 25/2011, *Kaup dótturfélags Samherja hf. á aflaheimildum, landvinnslu og tveimur skipum af Brimi hf.*, má nálgast nokkra umfjöllun um markaðinn.

Samkvæmt framangreindu er það mat samrunaaðila að annar markaðurinn sé því heildarmarkaður fyrir sölu á olíuvörum en hinn sala á sjávarafurðum. Með hliðsjón af eðli málsins er það mat eftirlitsins að ekki sé nauðsynlegt að skilgreina markaði málsins frekar.

Í samrunaskrá kemur fram að Samherji er í hópi fremstu sjávarútvegsfyrirtækja landsins. Þá eru Samherji og FISK keppinautar á sjávarútvegsmarkaði og nær samanlögð hlutdeild félaganna hlutdeild HB Granda hf., sem samkvæmt samrunaskrá er stærsti aðilinn á sjávarútvegsmarkaði með [...] %<sup>2</sup> hlutdeild. Þá er ljóst að Samherji er afar fjársterkur aðili og er félagið auk þess [...] .<sup>3</sup> Við meðferð málsins komu fram áhyggjur keppinauta Olís um að samruninn myndi styrkja stöðu Olís verulega með því að félagið komist í eigu svo fjársterkra aðila sem raun ber vitni. Einnig var því haldið fram að önnur olúfélög myndu mögulega missa viðskipti við félög tengd Samherja og FISK, þar sem þau myndu flytja viðskipti sín yfir til Olís í kjölfar samrunans. Þá myndu Samherji og FISK hagnast á því að eiga stóran hlut í olúfélagi, sem væri einn stærsti birgji þeirra, enda kaupa útgerðarfélag mikið magn af olíu til notkunar í starfsemi sinni. Væri því möguleiki á því að önnur olúfélög myndu með samrunanum missa tækifæri á því að ná til sín viðskiptum þessara tveggja stóru kaupenda olíu.

Athugun Samkeppniseftirlitsins hefur leitt í ljós að markaður fyrir sölu á eldsneyti til skipa er svokallaður stórnotendamarkaður. Samkvæmt upplýsingum Samkeppniseftirlitsins er sá markaður kaupendamarkaður, þar sem stórir aðilar væru helstu kaupendur að þeirri tegund olíu, og er mikill hreyfanleiki á viðskiptum milli birgja. Nokkuð algengt er að skipt sé um viðsemjendur auk þess sem algengt er að stærri aðilar bjóði aðeins út hluta af viðskiptum sínum í hvert skipti og aðeins sé samið til eins árs í senn. Þeir keppinautar FISK og Samherja, sem leitað var til við rannsókn málsins, höfðu mismiklar áhyggjur af samrunanum. Kom jafnvel til álita hjá sumum þeirra að endurskoða viðskipti sín við Olís, ef kaupin myndu ganga í gegn. Að mati Samkeppniseftirlitsins var í ljósi þessa ekki ástæða að aðhafast sérstaklega vegna þessa.

Af framangreindu má ráða að ekki voru forsendur til íhlutunar Samkeppniseftirlitsins vegna þeirrar stöðu sem Samherji og FISK hafa sem kaupendur að eldsneyti til fiskiskipa né þeirrar stöðu sem Olís hefur á markaðnum fyrir sölu á olíuvörum til fiskiskipa. Hins vegar er nauðsynlegt að setja samrunanum skilyrði vegna þeirra vandkvæða sem leitt

---

<sup>2</sup> Upplýsingar innan hornklofa [...] eru trúnaðarupplýsingar og verða því ekki birtar í ákvörðun þessari. Tölulegar upplýsingar kunna þó að vera birtar á tilteknu bili. Fjárhagsupplýsingar sem aðgengilegar eru hjá Lánstrausti (Creditinfo Ísland) eru ekki felldar út vegna trúnaðar.

<sup>3</sup> Fellt út vegna trúnaðar.



geta af sameiginlegu eignarhaldi Samherja og FISK og lúta m.a. að stjórnarsetu keppinauta í Olís.

## 2. Íhlutun

Eins og áður er lýst þá eru Samherji og FISK öflug sjávarútvegsfélög sem starfa að verulegu leyti á sömu vöru- og landfræðilegum mörkuðum. Félögin sameinast í eignarhaldi sínu á Olís. Með því verður til vettvangur fyrir samskipti keppinauta ef ekkert er að gert. Af því leiðir að tilefni er að mati Samkeppniseftirlitsins til íhlutunar skv. 17. gr. c. samkeppnislaga vegna samrunans. Líkt og fram hefur komið hafa viðræður við samrunaaðila leitt til þess að sátt hefur verið gerð í málinu með setningu skilyrða, sem félögin hafa fallist á að undirgangast. Skilyrðunum er ætlað að koma í veg fyrir samkeppnisleg vandkvæði sem ella hefðu skapast með samruna þessum, tryggja samkeppnislegt sjálfstæði Olís og takmarka áhrif eignarhalds Samherja og FISK á Olís. Samkeppniseftirlitið telur að skilyrðin leysi hin samkeppnislegu vandkvæði sem ella hefðu skapast með samruna þessum.

Í þessu felst að skilyrði eru sett um þá stjórnarmenn sem sitja í stjórn Olís fyrir tilstuðlan eignarhluta Samherja og FISK í félaginu, enda getur samruninn leitt til sameiginlegra yfirráða keppinauta á sjávarútvegsmarkaði yfir olíufélaginu. Þannig munu félögin, samkvæmt skilyrðum í sátt þeirra við Samkeppniseftirlitið, skiptast á að sitja í stjórn Olís sem felur í sér að fulltrúar félaganna munu ekki sitja saman í stjórn olíufélagsins. Jafnframt skulu stjórnarmenn ekki vera tengdir keppinautum Olís með nánar tilgreindum hætti. Að auki er skilyrðunum ætlað að tryggja að trúnaðarupplýsingar, sem Olís býr yfir um keppinauta FISK og Samherja, berist ekki til félaganna í gegnum stjórnarmenn. Þá girða skilyrðin fyrir að trúnaðarupplýsingar um þá keppinauta Samherja og FISK sem eru í viðskiptum við Olís berist til félaganna. Loks eiga Samherji og FISK ekki að geta skipst á trúnaðarupplýsingum um hvort annað innan stjórnar Olís.

## IV.

### Ákvörðunarorð:

**„Kaup Samherja hf. og FISK-Seafood ehf. á hlutum í Olíuverzlun Íslands hf. fela í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Með heimild í 17. gr. samkeppnislaga er samrunanum sett skilyrði. Með setningu eftirfarandi skilyrða er ekki þörf á að ógilda samrunann:**

### 1.

#### Almennt

**Markmið sáttar þessarar er að sporna gegn skaðlegum hagsmunatengslum eða öðrum samkeppnishindrunum, á annars vegar markaði fyrir sölu á olíuvörum og**



**hins vegar á sjávarútvegsmarkaði, sem stafað geta af eignarhaldi Samherja og FISK á Olís.**

## **2.**

### **Sjálfstæði stjórnar Olís**

**Við skipan stjórnar Olís skal stuðlað að samkeppnislegu sjálfstæði félagsins með eftirfarandi hætti:**

- a) Stjórnarmenn, starfsmenn og eigendur að meira en 1% hlut í Samherja, dótturfélögum Samherja og/eða fyrirtækjum sem Samherji hefur virk yferráð yfir annars vegar og stjórnarmenn, starfsmenn og eigendur að meira en 1% hlut í FISK, dótturfélögum FISK og/eða fyrirtækjum sem FISK hefur virk yferráð yfir hins vegar skulu ekki sitja samtímis í stjórn eða varastjórn Olís. Hið sama gildir um þá sem eru makar umræddra stjórnarmanna, starfsmanna og eigenda, skyldir þeim eða mægðir í beinan legg eða systkini þeirra.**
- b) Stjórnarmenn, sem sitja í stjórn Olís fyrir tilstuðlan eignarhlutar Samherja og FISK, skulu ekki vera tengdir keppinautum Olís í gegnum atvinnu, stjórnarsetu eða beint eignarhald.**

## **3.**

### **Sjálfstæði Olís gagnvart Samherja og FISK og miðlun trúnaðarupplýsinga**

**Samherji og FISK skulu tryggja að eignaraðild þeirra hafi ekki áhrif á viðskiptastefnu og samkeppnislegt sjálfstæði Olís eða skaða samkeppni á viðkomandi mörkuðum þar sem áhrifa samrunans gætir. Þá skal tryggja með fullnægjandi hætti að Samherji og FISK öðlist ekki í krafti eignarhalds síns viðskiptaupplýsingar um hvort annað eða keppinauta félaganna sem eru í viðskiptum við Olís.**

## **4.**

### **Skuldbinding stjórnarmanna og starfsmanna**

**Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar Samherja, FISK og Olís skulu undirrita yfirlýsingu þar sem því er lýst yfir að viðkomandi hafi kynnt sér þau fyrirmæli sem felast í sátt þessari og hann heiti því að virða þau að öllu leyti. Þá skulu félögin upplýsa starfsmenn sína um efni sáttarinnar.**

## **5.**

### **Brottfall skilyrðanna**



**Nú missa Samherji og FISK möguleg yferráð yfir Olís og skulu skilyrði þessi þá falla brott. Skulu Samherji og FISK gera Samkeppniseftirlitinu grein fyrir slíkum breytingum með skriflegri tilkynningu. Skal Samherja og FISK jafnframt heimilt á hverjum tímapunkti að óska eftir því að skilyrði þessi verði felld úr gildi að hluta eða í heild vegna breyttra forsendna, sbr. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.**

## **6.**

### **Viðurlög**

**Brot á þeim fyrirmælum sem fram koma í ákvörðun þessari varða viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga."**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson